



Ferskvatn og neysluvatn á Íslandi.  
Eiginleikar og útflutningshæfni

**Freysteinn Sigurðsson, Guttormur Sigbjarnarson**

**Greinargerð FS-GS-89-01**

## FERSKVATN OG NEYZLUVATN Á ÍSLANDI

### Eiginleikar og útflutningshæfni

#### 1. Vatnsútflutningur og vatnstökustaðir

Á þessu ári hefur nokkuð verið hugað að mögulegum útflutningi á neyzluvatni (sbr. ORKUSTOFNUN Greinargerð FS-GS-88/02b). Hingað til hefur einkum verið rætt um nokkra staði á landinu (sjá mynd 1). Sumir þessarra staða eru á síðkvartera gosbeltinu á Reykjanesskaga en aðrir á tertíerum blágrýtissvæðum á Norður- og Austurlandi. Vatnafræðilegar aðstæður fylgja jarðfræðilegum aðstæðum (sjá töflu 1). Á síðkvarteru svæðunum er hægt að fá gnótt vatns úr leku bergi, annað hvort úr lindum eða borholum. Tregara er um vatnsöflun á tertíeu svæðunum, en þar verður víða að afla vatns úr áreyrum eða öðrum lausum jarðögum.

Vegna óblíðs veðurfars og annarra aðstæðna er nánast einvörðungu um grunnvatn að ræða sem mögulegt útflutningsvatn. Á umræddum vatnstökustöðum er hvarvetna um grunnvatn að ræða. Nokkur munur er á efnainnhaldi grunnvatns eftir því á hvorum svæðunum það er (sjá töflu 2) en almennt má segja, að grunnvatn á Íslandi sé efnasnautt (sjá töflu 3). Það er hvarvetna hæft til neyzlu vegna efnainnhalds, en ekki bragðmikið sem slíkt og sum efni jafnvel með rýrara móti.

#### 2. Tegundir neyzluhæfs vatns á Íslandi

Ferskt grunnvatn á Íslandi flokkast undir það, sem hefur verið kallað "mjúkt" vatn. Er þá fyrst og fremst miðað við innihald vatnsins af jarðalkalímálmum (kalsíum og magnesíum). Það magn er víða mælt í "hörkugráðum", sem hafa verið mismunandi eftir löndum. Einna þekktust mun vera þýzka "hörkugráðan", enda hafa þjóðverjar

lengi staðið framarlega í umfjöllun um neyzlu- og heilsuvatn. 1 °dH (þýzk hörkugráða) hefur verið skilgreind sem svarar til 7 ppm (milljónustuhluta) af kalsíum eða jafngildi þess af magnesíum. Vatn hefur verið talið "mjúkt", þegar harkan er minni en 8 - 10 °dH, þ.e. innihald þess innan við um 50 ppm Ca<sup>2+</sup> eða 30 ppm Mg<sup>2+</sup>, eða samsvarandi samsetning af báðum efnunum. Yfirleitt vantar mikið upp á, að ferskt grunnvatn á Íslandi nái þessum mörkum, nema því fylgi óæskileg selta.

Erlendis er víða talið æskilegt, að venjulegt, ferskt drykkjarvatn sé ekki "mjúkt", heldur hafi hörklu yfir a.m.k. 5 °dH, en því myndi samsvara kalsíuminnihald um 25 - 30 ppm í flestu íslenzku grunnvatni. Vatnið er talið vera bragðmeira með þessa hörklu, en önnur atriði hafa einnig áhrif á bragðið, svo sem hitastig, sýrustig, koldíoxíð- og súrefnisinnihald. Mikið efnainnhald dregur að öðru jöfnu úr viðkvæmni vatnsins fyrir utanaðkomandi áhrifum, hvað varðar sýrustig og fleira. Það er ástæða til að halda, að venjulegt, íslenzkt ferskvatn yrði hvorki talið sérlega bragðgott né líklegt til að geymast vel í flutningum eða geymslu, svo svalandi sem kaldir og loftólgandi fjallalækir geta verið hérlandis á heitum sólsumarsdegi.

Jarðhitavatn er sýnu steinefnaríkara en ferskvatn. Þar er raunar tölverður munur á háhitavtni og lághitavtni. Háhitavtn er yfirleitt mjög ríkt af ýmsum efnum en faestir munu telja það sérlega bragðgott. Þó má vera, að sumt háhitavtn gæti flokkast sem heilsuvatn. Það mál mun lítið hafa verið kannað. Lághitavtn er mjög oft snautt að kalsíum (oft innan við 5 ppm) og magnesíum (oft innan við 1 ppm), en á hinn böginn auðugt af natríum (oft 50 - 100

ppm), súlfati (oft 50 - 100 ppm) og kísil (um og yfir 100 ppm). Gæði þess sem drykkjarvatns munu lítið hafa verið könnuð.

Ölkelduvatn finnst á þó nokkrum stöðum á Íslandi. Engin taemandi úttekt mun þó hafa verið gerð á því, en athuganir þýzkra sérfræðinga á all mörgum ölkeldum á landinu varpa þó nokkru ljósi á nothæfni þess sem söluvöru. Samkvæmt ströngum kröfum á ölkelduvatn ("míneralvatn") að hafa meira en 1.000 ppm af uppleystum efnum og frítt koldíoxíð ("kolsýra") einnig að vera yfir 1.000 ppm. Þessar kröfur eru þó mismunandi eftir löndum. Ljóst er, að fáar íslenzkar ölkeldur uppfylla þessi skilyrði, en það mál þyrfti þó nánari athugunar við.


### 3. Neyzluhæfni íslenzks vatns

Ferskt grunnvatn á Íslandi er efnasnautt og "mjúkt" í efnasamsetningu. Það er ekki sérlega hentugt sem ferskt drykkjarvatn, einkum ef þarf að flytja það langt eða geyma. Það er hins vegar hentugt í te, kaffi og ávaxtadrykki, en bragð- og "aroma"-efni njóta sín mun betur í mjúku vatni en hörðu. Einnig er það einkar hentugt í hvers konar snyrtivatn eða hreinlætisvatn, þar eð það er mjúkt og nánast laust við flest ertandi efni. Sporefni eru einnig með minnsta móti í því. Veldur þar miklu, að efnainnihald þess er að lang mestu leyti úr hafrænni úrkому annars vegar en frá efnaskiftum við basalt hins vegar.

Jarðhitavatn er mun steinefnaríkara en venjulegt ferskvatn. Þó er harka lítil í lághitavatni, en í þess stað er natríum- og súlfatinnihald verulegt. Vera má, að það henti bezt sem einhvers konar heilsuvatn, en það mál þyrfti nánari könnunar. Rétt er að benda á, að náttúruleg kolsýra (koldíoxíð) er unnin úr jarðhitasvæðum á Íslandi, sem nýta mætti í sérstakt drykkjarvatn. Raunar eru sóthreinsandi, gerilsneyðandi og efna-auðgandi áhrif beinna áhrifa eldvirkni hérlandis e.t.v. þættir með umtalsvart auglýsingagildi.

Ekki virðist um auðugan garð að gresja, hvað ölkelduvatn varðar. Þó þyrfti það

trúlega nánari könnunar við. Sama gildir um flestar hliðar mats á íslenzku neyzluvatni: Glöggar upplýsingar þarf um kröfur til neyzluvatns og flokkun á því í hlutaðeigandi markaðslöndum. Ferskt grunnvatn hér á landi er óaðfinnanlegt neyzluvatn til beinna nota á staðnum, en annað gæti gilt um það sem útflutningsvatn.



TAFLA 1

Vatnsgæf jarðlög á vatnstökkustöðum.

Staður	Veitir jarðgerð	Náttúru legt rennsli	Nýverandi Vatnsból tegund/gerð	Aflköst 1/s
þorlákshöfn, vatnsveita	Dyngjuhraun, niður í 15-20 undir sjávarmáli	> 1 m <sup>3</sup> /s	Borholta í hraun	≥ 20 l/s
Straumsvík	Hraunlög	> 5 m <sup>3</sup> /s	Fjörlindir, óvirkjaðar	
Reykjavík, Gvendarbrunnar um 1.000 l/s	Hraunlög í Heiðmörk SV-NA-sprungur	> 3 m <sup>3</sup> /s	Lindir undan hrauni; borholur	
Sauðárkrúkur, vatnsveita	Lekt berglag í stafla borholur	> 10 l/s	borholur	Σ > 10 l/s
Sauðárkr. Heiði í Gönguskörðum	Lekt berglag í skriðu grunnvatn	< 10 l/s > 20 l/s	lindir, borholur borholur brunnar um lindir	óvisst Σ > 50 l/s Σ > 20 l/s
Akureyri, vatnsveita	Áreyrar við Hörgá Laus jarðlög í Hlíðarfjalli	1-5 l/s ?	brunnar um lindir óvirkjað	> 1 l/s
Svalbarðseyri, vatnsveita	Skriður og laus jarðlög utan í Váðlaheiði; N-S-sprungur og laus jarðlög í Víkurskarði	≥ 5 l/s	grunnvatn	
Reyðarfjörður, vatnsveita	Áreyrar við Njörvadalsá		borholur	> 20 l/s

TAFLA 2

Efnainnihald í ferskvatni  
(í ppm, mg/l).

Staður	Dags::	t°C	pH	SiO2	Na+	K+	Ca2+	Mg 2+	Cl-	SO2-4	F-	CO2	Uppl efni
Þorlákshöfn, vatnsv.	75.07.01	5,6	8,6	18	10,1	0,70	4,5	2,6	13	-	0,22	19	79
"	88.01.06	5,1	8,4	18	10,8	0,85	5,7	2,6	14	4,2	0,05	21	75
Straumsvík (meðaltal)	75.09.-	3,7	7,0	15	10,3	0,70	1,3	1,5	9	-	0,20	21	-
Reykjavík, Gvendarbr.	73.07.10	-	8,4	22	11,5	0,40	4,6	1,0	7	6,6	0,10	26	68
Sauðárkrúkur, vatnsv.	74.07.23	3,8	8,8	17	5,1	0,46	11,1	1,4	10	2,1	0,09	36	75
Sauðárkrúkur, Heiði í Göngusk.	87.09.13	2,5	8,5	19	7,2	0,32	10,3	0,9	8	2,0	0,05	25	48
Akureyri, vatnsv.	74.07.22	3,8	8,1	17	3,7	0,62	4,6	0,9	6	1,0	0,05	23	40
Svalbarðseyri, vatnsv.	74.07.20	4,6	7,5	20	4,9	0,27	6,7	2,8	7	1,1	0,06	39	64
Reyðarfjörður, vatnsv.	74.06.29	8,0	7,3	11	3,6	0,20	2,3	1,1	3	6,3	-	18	31

### TAFLA 3

#### Algengt efnainnihald í grunnvatni á Íslandi

Efni	Bil (í ppm)		
Cl <sup>-</sup>	5	-	15
SO <sub>4</sub> <sup>2-</sup>	2	-	6
Na <sup>+</sup>	3	-	15
K <sup>+</sup>	0,2	-	1,0
Ca <sup>2+</sup>	0,2	-	7
Mg <sup>2+</sup>	1	-	5
SiO <sub>2</sub>	10	-	20
CO <sub>2</sub>	15	-	30
Uppl. efni	30	-	100